

Gangnaseðill í Spákonufellsborg 2019

Fyrri haustgöngur fara fram föstudaginn 6. september. Seinni haustgöngur fara fram föstudaginn 13. september. Eftirleitir verða föstudaginn 20. september.

Gangnaforingi er Jón Heiðar Jónsson.

Réttarstjóri í báðum réttum er Einar Haukur Arason.

Farið fram Hrafnadal og fram í Ármót, vestur Brandaskarð með hreppagirðingu að norðan. Spákonufellsborg að sunnanverðu að Hrafná að Fellsrétt. Undanskilin er skógræktargirðing. Í borgina leggi eftirtaldir til menn:

	Fyrri göngur	Seinni göngur
Jón Heiðar Jónsson	2	1
Sigbór Hallgrímsson	2	2
Magnús Guðmannsson	1	1
Arnar Páll Guðjónsson	1	
Jóhann Ásgeirsson	1	1
Vignir Sveinsson	1	1
Rúnar Jósefsson	1	1
Árni Halldór Eðvarðsson	1	1

Í eftirleit fara fjórir menn. Þær annast Jón Heiðar Jónsson.

Með vísan til 20. greinar fjallskilareglugerðar: „Hafi búfjáreigandi engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna hreppsnefnd eða fjallskilastjóra það skriflega fjórum dögum áður en fjallskilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá búfjáreigandi allan kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim“.

Að öðru leyti en hér greinir fer um skyldur og réttindi manna eftir fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 299/2009.

Fjallskilanefnd Skagabyggðar, Skagabúð 27. ágúst 2019.